



Ársping Bandalags íslenskra græðara 2006

Haldið í Baðstofunni, Prestastíg 7, Reykjavík, 30. maí 2006

1. Þingsetning

Formaður bandalagsins, Anna Birna Ragnarsdóttir, setti þingið kl. 19:15 og lýsti yfir að löglega væri til þess boðað.

2. Kosning þingforseta og þingritara

Þingforseti var kjörin Ragnheiður Guðnadóttir og þingritari kjörin Birna Imsland og Linda Sveinbjörnsdóttir varaþingritari. Að því loknu kynntu fundarmenn sig og þingforseti lýsti yfir að kjörbréf væru lögleg og staðfesti að löglega væri boðað til þings.

3. Fundargerðir

Ásta M. Agnarsdóttir las fundargerðir ársþings 2005 og haustþings 2005. Báðar voru samþykktar einróma.

4. Skýrsla formanns

Anna Birna Ragnarsdóttir, formaður, flutti skýrslu formanns. Þar kom fram að fjórir stjórnarfundir hafa verið haldnir, auk eins óformlegs í gær. Bandalagið hefur fengið skrifstofu í Asparfelli 12.

Síðastliðið haust skipaði stjórnin í þrjár nefndir. Í laganefnd sitja Anna Birna Ragnarsdóttir, Ásta M. Agnarsdóttir og Ólafur Þór Jónsson, hefur unnið að lögum fyrir fagfélag í tengslum við BÍG. Félagið er hugsað sem athvarf fyrir einstaklinga úr fámennum greinum sem ekki eiga sitt eigið félag. Tillaga að lögum þessum verður borin fram á haustþingi.

Fjáröflunarnefnd, sem skipuð er Guðbrandi Einarssyni, Guðnýju Ósk Diðriksdóttur og Hönnu Sigurðardóttur, hefur sent hátt í 150 bréf til stofnana og fyrirtækja og fyrir hennar tilstilli fékkst málning og húsbúnaður á nýju skrifstofuna.

Skemmti- og fræðslunefnd var skipuð Lilju Oddsdóttur, Selmu Júlíusdóttur og Lindu Björk Birgisdóttur en við af Lindu hefur tekið Ragnheiður Júlíusdóttir. Nefndin vinnur að undirbúningi sýningar 3LExpó nk. haust. Fyrir sýninguna verður gerður bæklingur með kynningu á öllum aðildarfélögum og Anna Birna ítrekaði við félögin sem ekki hafa skilað texta í bæklinginn að bæta ráð sitt.

Anna Birna mun í næstu viku leggja endanlega blessun BÍG yfir reglugerðina sem fylgir lögnum um græðara. Að því loknu mun Heilbrigðisráðuneytið skrá hana og við svo búið tekur hún gildi. Næsta skref er þá að aðildarfélög BÍG sækja um skráningu, en Anna Birna taldi upp nokkurn fjölda skilyrða sem sett verða um menntun og starfshætti. Ráðuneytið mun þá leita eftir umsögn Landlæknisembættisins og Bandalags íslenskra græðara. Standist viðkomandi félag öll skilyrði tilkynnir ráðuneytið BÍG að félagið hafi hlotið skráningu, sem þýðir að því er úthlutað skráningarnúmer sem einkennir félagið innan kerfisins. BÍG tilkynnir viðkomandi

félagi bréfleiddis um hvort umsóknin hafi verið samþykkt eður ei og þá geta einstaklingar í félaginu sótt um aðild að skráningarkerfinu. Stefnt er að því að árlegt skráningargjald standi undir rekstri kerfisins og verði 5.000 kr. fyrir fyrstu skráningu og 2.500 fyrir hvert aukafag. Bandalagið vinnur að gerð umsóknareyðublaðs fyrir félagsmenn og fylgiskjali þar sem umsækjendur undirrita loforð um að hlíta siðareglum eigin félags og BÍG. Á skrá þeirri sem birt verður almenningi mun einungis birtast nafn græðara, símanúmer, starfsstöð, fagfélag, fag, námslok og skráningardagur.

Anna Birna benti á þörfina fyrir siða- eða kærunefnd innan BÍG en tók fram að ekki hefði unnist tími til að fullvinna tillögu til lagabreytinga þess vegna fyrir tilskilinn frest vegna þessa ársþings.

Leitað hefur verið tilboða frá öllum tryggingafélögum á markaði. Hagstæðasta tilboðið barst frá Verði, þar sem árgjald er 8.000 kr. fyrir tryggingu að hámarksupphæð 7 milljónir króna.

Anna Birna lauk máli sínu með því að þakka stjórn BÍG unnin störf.

5. Reikningar

Hanna Sigurðardóttir, féhirðir, lagði fram reikninga ársins 2005, endurskoðaða og áritaða af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru samþykktir einróma.

6. Tillögur til lagabreytinga

Ekki bárust tillögur til lagabreytinga með tilskildum fyrirvara en yfirgnæfandi meirihluti þingmanna samþykkti afbrigði svo hægt væri að ræða tillögu formanns um myndun siða- eða kærunefndar.

Anna Birna las eftirfarandi tillögu að breytingum á lögum: “Berist kæra til stjórnar Bandalags íslenskra græðara vegna framferðis félagsmanns í aðildarfélagi BÍG, skal stjórn taka málið til meðferðar fljótt og vel og kanna réttmæti þess. Allir málsaðilar skulu hafa rétt til að tala máli sínu og skulu allar niðurstöður vera skriflegar. Verði ekki fallið frá kæru að lokinni málsmeðferð stjórnar eða niðurstaða stjórnar ekki viðunandi getur félagsmaður skotið máli sínu til siðanefndar Bandalags íslenskra græðara innan 14 daga frá því að honum berst kæra. Siðanefnd tekur þá kærana til meðferðar, þar á meðal málsmeðferð stjórnar BÍG og tekur endanlega ákvörðun sem ekki er hægt að áfrýa aftur.”

Selma Júlíusdóttir lagði til að þessi nefnd yrði einungis úrræði til áfrýjunar eftir afgreiðslu mála hjá siðanefndum fagfélaga. Birna Imsland lýsti þeirri skoðun að ef svo væri yrði nefndin að vinna óháð stjórn þar sem alltaf er einhver stjórnarmeðlimur vanhæfur vegna tengsla gegn um eigið fagfélag. Einnig þyrfti að ganga mjög vandlega frá vinnureglum um umfjöllun nefndar og opinberun niðurstaðna. Guðbrandur Einarsson lagði til að málinu yrði frestað til haustþings og að stjórn yrði falið að útbúa endanlega tillögu. Sú tillaga var samþykkt með þeirri viðbót að laganefnd yrði stjórn til aðstoðar.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Hallfríður María Pálsdóttir, sem ekki sat þingið, var áfram kjörin skoðunarmaður reikninga, ásamt Höllu Matthildi Eiríksdóttur. Árni Pálmason var kjörinn varamaður.

8. Árgjald

Samþykkt var að árgjald verði áfram kr. 1.500 fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi.

9. Önnur mál

Tryggingar

Þingmenn samþykktu að veita Önnu Birnu umboð til að ganga frá skilmálum og samningum við tryggingafélagið Vörð. Trygging þessi er sams konar og sjúklingatrygging opinberra heilbrigðisstétta, þ.e. trygging sjúklings gegn mistökum meðhöndlara í starfi. Anna sagði markmiðið vera að fá sem hæsta tryggingaupphæð fyrir sem lægst iðgjald, en í fyrstu hafi verið rætt um 15-17.000 kr. fyrir einstakling á ári. Ef um sjálfsábyrgð yrði að ræða færi sú upphæð ekki yfir 5-10.000. Í bili hefði verið ákveðið að hafa eitt og sama iðgjald, óháð starfshlutfalli, en Önnu Birnu hefur tekist að sannfæra viðsemjendur um að ekki eru mismunandi áhættuhópar meðal græðara, hættan á mistökum sé hverfandi hvort sem er. Ólafur Þór Jónsson tiltók að sjúklingatrygging hefðbundinna heilbrigðisstétta hefði í upphafi verið 90.000 en hefði lækkað um meira en helming síðan þá, enda mistök sjaldgæf. Við gætum því jafnvel reiknað með lækun þar sem mistök eru enn sjaldgæfari hjá græðurum. Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir benti á að til væru tryggingar sem tryggðu sjálfstæðum rekstraraðilum laun, t.d. vegna eigin veikinda. Ólafur benti ennfremur á nauðsyn þess að tryggja viðskiptavinum gegn slysum í og við húsakynni græðara, og þingmenn voru á einu máli um að að gott væri að reyna að semja um pakkatilboð á slíkum viðbótartryggingum í tengslum við sjúklingatrygginguna.

Sýningin 3L Expó

Selma skýrði nánar frá stórsýningu sem haldin verður í Egilshöll 7.-11. september nk.undir nafninu 3L Expó. BÍG var boðinn ókeypiss bás á sýningunni, með því skilyrði að þar yrði einungis bandalagið kynnt en ekki stök fagfélög. Kostur gefst þó á 15 mínútna fyrirlestri frá hverju aðildarfélagi og óskaði Selma eftir upplýsingum frá félögunum um nöfn á fyrirlesurum fyrir 15. júní. Miðað er við 2 starfsmenn í básnum hverju sinni, svo ljóst er að margir verða að leggja hönd á plóginn þá daga sem sýningin stendur.

13. Þingslit

Nefndum og stjórn BÍG var að lokum þakkað fyrir vel unnin störf. Þingi var slitið kl. 20:50.

Birna Imsland
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir
formaður

Þingið sátu:

Frá Aromatherapyfélagi Íslands, ATFÍ:

- Heba Sigurgeirsdóttir
- Linda Sveinbjörnsdóttir
- Selma Júlíusdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhrygg sjáfnara:

- Halla Matthildur Eiríksdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Jóhanna Ragnarsdóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Árni Pálmason
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir
- Ólafur Þór Jónsson
- Sólveig Höskuldsdóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðbrandur Einarsson
- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- Guðrún Jónína Sveinsdóttir
- Laufey Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Jónína Berg
- Lilja Oddsdóttir
- Rannveig Björnsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Birna Imsland
- Guðný Ósk Diðriksdóttir

Frá Shiatsufélagi Íslands, SFÍ:

- G. Eygló Þorgeirsdóttir
- Heiða Björk Tómasdóttir
- Soffía Lára Karlsdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Ásta M. Agnarsdóttir
- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Svava Hlíð Svavarsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Katrín Ingibergsdóttir
- Ragnheiður Júlíusdóttir